

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

18. maí 2015

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Vorþema

Dagana 19.- 22. maí eru nemendur í 1.- 7. bekk í þemavinnu í skólanum.

Skipulag varðandi tímasetningar fyrir þá daga er á þessa leið:

Þriðjudagur – kl.8:40 – 14:00

Miðvikudagur – kl.8:40 – 15:20

Fimmtudagur – kl.8:40 – 14:00

Föstudagur – kl.8:40 – 12:00

Á miðvikudeginum er ferðalag hjá krökkunum á Siglufjörð og stefnt að því að skoða Síldarminjasafnið, Skeiðsfossvirkjun o.fl., en skólinn sér þeim alfarið fyrir mat og engin þörf á að taka pening með í ferðina.

Við viljum benda á að allir þurfa að vera búnir undir útivist alla dagana og sérstaklega nauðsynlegt er að vera vel skóaður. Eins og í fyrra munu þeir nemendur sem hefja nám í 1. bekk í haust taka þátt í verkefningu með okkur.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi